

77. gr.

Mál sem rísa út af brotum gegn reglugjörð þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

29

1. maí

78. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. september 1918, og fellur þá jafnframt úr gildi fjallskilareglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu frá 7. júní 1904.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist hjer með til að öðlast gildi 1. september 1918.

Í stjórnarráði Íslands, 1. maí 1918.

Sigurður Jónsson

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

fyrir forðagæslumenn í Suður-Múlasýslu.

30

1. maí

1. gr.

Forðagæslumenn skulu fara 2 eftirlitsferðir um umdæmi sín á vetri hina fyrri á tímabilinu frá 1. til 10. nóvember og hina síðari frá 1. til 15. apríl.

2. gr.

Í fyrri ferðinni skulu forðagæslumenn athuga nákvæmlega fóðurbirgðir manna og segja til tölu og tegunda búpenings þess. sem fóðrið er ætlað, skulu þeir þá segja álit sitt um hvort fóðrið er nægilegt, sýnist þeim eigi svo, skulu þeir gera ákveðna tillögu um hvað miklu þarf að bæta við af fóðri, eða farga af búpeningi.

30

1. maí

3. gr.

Við síðari skoðunargjörðina skulu forðagæslumenn vandlega athuga ástand búpenings og fódurbirgðir í umdæmi sínu og haga lögskipaðri vitnisburðargjöf eftir því. Komi þá í ljós að búpeningur og fódurbirgðir sjeu í því ástandi að hætta sje fyrirsjáanleg, ber þeim að gjöra viðeigandi tillögur til að afstýra hættunni, ef unt er.

4. gr.

Eftir hverja skoðun skulu forðagæslumenn færa inn í forðagæslubók sína skýrslu yfir skoðunina, síðan senda þeir hreppsnefnd skriflega tilkynningu um ástandið í forðagæsluumdæminu.

5. gr.

Forðagæslumenn skulu senda sýslumanni skýrslu samhljóða forðagæslubók í júnímánuði ár hvert. Einnig skulu þeir lesa upp á vorhreppaskilapíngi, alt er þeir hafa skráð í forðagæslubókina á gæslutímabilinu.

6. gr.

Milli hinna ákveðnu ferða skulu forðagæslumenn haga eftirlitinu eftir því, sem þeim þykir við þurfa eftir atvikum, og leggja aðaláhersluna á að líta eftir því, að fjenadur manna komist ekki í það rýrðarástand, að tjón geti af hlotist.

7. gr.

Komi til frekari aðgjörða forðagæslumanna við starfræksluna en hjer er tekið fram, ber að haga þeim eftir ákvæðum forðagæslulaganna.

8. gr.

Fyrir starfa sinn fá forðagæslumenn þóknun, alt að 2 kr. á dag samkvæmt 7. gr. forðagæslulaganna.

9. gr.

Í sýslunni skula alls vera 33 forðagæslumenn samkvæmt tillögum hreppsnefndanna.

Í Eiðahreppi	2
- Vallahreppi	2
- Skriðdalshreppi	2
- Mjóatjarðarhreppi	2
- Neshreppi	2
- Norðfjarðarhreppi	3
- Helgustaðahreppi	2
- Eskifjarðarhreppi	1

I Reyðarfjarðarhreppi	2
- Búðahreppi	1
- Fáskrúðsfjarðarhreppi	4
- Stöðvarhreppi	2
- Breiðdalshreppi	3
- Beruneshreppi	3
- Geithellnahreppi	2

Reglugjörð þessi er hjer með sett samkvæmt lögum um forðagæslu frá 10. nóvember 1913, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 1. maí 1918.

Sigurður Jónsson,

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

31
2. maí

um viðauka við reglugjörð 28. ágúst 1914 fyrir Gullbringusýslu og Hafnarfjarðarkaupstað um fjallskil o. fl.

Aftan við 3. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er hreppsnefnd og bæjarstjórn að jafna niður sem peningagjaldi kostnaði við fjallskil og útrjettir.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Gullbringusýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist hjer með til að öðlast gildi 1. september 1918.

I stjórnarráði Íslands, 2. maí 1918.

Sigurður Jónsson,

Oddur Hermannsson.